



UST

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

☒ Suðurlandsbraut 24

IS-108 Reykjavík, Iceland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun  
Rut Kristinsdóttir  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. nóvember 2007

Tilvísun: UST20071100024/ksj

## Norðfjarðarvegur um Norðfjarðargöng, milli Eskifjarðar og Norðfjarðar. Tillaga að matsáætlun

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst þann 06.11. síðastliðinn þar sem óskað er umsagnar um tillögu að matsáætlun vegna fyrirhugaðra vega- og jarðgangnaframkvæmda á Norðfjarðarvegi milli Eskifjarðar og Norðfjarðar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við tillögu að matsáætlun.

### Kostir

Í umsögn Umhverfisstofnunar um drög að tillögu til matsáætlunar vegna ofangreindra framkvæmda, er tekið fram að stofnunin telji mikilvægt að fjallað verði á sambærilegan hátt um valkosti svo hægt verði að bera saman umhverfisáhrif þeirra með raunhæfum hætti. Athygli vekur að í þeim gögnum sem nú er fjallað um er aðeins stillt upp einum valkosti sem er göng um Fannardal. Aðrir valkostir eru að vísu viðraðir en þeim er hafnað með það sama þannig að ekki er um að ræða samanburð á umhverfisáhrifum tveggja eða fleiri valkosta. Þeir valkostir sem hafnað er, eru aðallega skoðaðir frá jarðfræðilegu sjónarmiði og vegagerð. Þótt þau atriði vegi þungt telur Umhverfisstofnun að við samanburð á áhrifum mismunandi kosta á umhverfið þurfi að líta til fleiri atriða.

### Útivist og frístundabyggð

Að mati Umhverfisstofnunar þyrfti umfjöllun um þýðingu Fannardals sem útivistarsvæðis að vera meiri svo hægt sé að meta útivistargildi dalsins fyrir nálæg þéttbýli. Í ofangreindri tillögu að matsáætlun er tæpt á því að dalurinn sé nokkuð nýttur til útivistar, og að þar séu nokkur frístundahús. Umhverfisstofnun telur að Fannardalur hafi vaxandi þýðingu sem útivistarsvæði fyrir allan almenning svo sem göngufólk, skíðagöngufólk sem og til náttúruskoðunar.

### Náttúruminjar

Í umsögn Umhverfisstofnunar um drög að þeirri tillögu að matsáætlun sem hér er til umfjöllunar er lögð áhersla á að fjallað verði um áhrif fyrirhugaðra vega- og jarðgangnaframkvæmda á svæði á náttúruminjasrá sem í skránni er lýst svo:

*“Kirkjubólsteigur, Hólar og Tandrastaðir, Neskaupstað (áður Norðfjarðarhr.). (1) Svæðið norðan Norðfjarðarár, frá Ytri-Máriánslæk (Mariulæk) inn að Fannardalsá og til fjallseggja. (2) Kjarri vaxnar hliðar og mikið framhlaup, þ.e. Hólahólar, með lífrikum smátjörnum. Gott land til útivistar.”*

Í tillögu að matsáætlun er minnst á ofangreint svæði en ekkert er rætt um það á hvaða hátt áhrif framkvæmdanna á svæðið verði metin.

Það er skoðun Umhverfisstofnunar að bæta ætti náttúruminjum á listann á bls. 11 þar sem koma fram þau atriði er helst verða skoðuð vegna umhverfisáhrifa frá framkvæmdunum.


### Matsáætlun

Í tillögu að matsáætlun kemur fram að samhliða mati á umhverfisáhrifum Norðfjarðarganga sé unnið að gerð nýs aðalskipulags fyrir Fjarðarbyggð og að umhverfismati aðalskipulagsins. Ennfremur kemur fram að í umhverfismati aðalskipulagsins verði fjallað um helstu umhverfisáhrif þeirra kosta sem skoðaðir verða á legu gangna og vega Eskiðfjarðar- og Norðfjarðarmegin. Umhverfisstofnun minnir á að viðkomandi sveitarstjórnir þurfi að ljúka við gerð aðalskipulags og umhverfismats þess áður en frummatsskýrsla verður kynnt og auglýst.


### Niðurstaða

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað verði um kosti á sambærilegan hátt og að útivistargildi mismunandi svæði verði einnig skoðuð. Mikilvægt er að nýtt aðalskipulag og umhverfismat liggi fyrir áður en frummatsskýrsla verður kynnt og auglýst.

Virðingarfyllst



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur



Helgi Jónsson  
Forstöðumaður